

Saga, menning, samfélag

Fornaldir

spurningar

- Baldur A. Sigurvínsson -

Nafn: _____

Bekkur: _____

Efnisyfirlit

1. Upphaf manns og jarðar	3
Þróun mannsins (bls. 16-17)	3
Smíði verkfæra og hellalist (bls. 18-19).....	3
Mannlíf á ísöld (bls. 20-21).....	4
2. Akuryrkja, bændur og borgir	5
Upphaf bændamenningar (bls. 22-23)	5
Upphaf borgmenningar (bls. 24-25).....	5
Mesópótamía og Súmer (bls. 26-27)	5
4. Egyptar, Indusmenning, Evrópa og jötunbautar, Mínóar	7
Egyptaland hið forna (bls. 28-31)	7
Indusmenningin (bls. 32-33)	7
Evrópa á tímum jötunbautanna (bls. 32-33).....	8
Mínósk menning (bls. 34-35)	8
Mýkensk menning (bls. 34-35)	8
5. Persar, Kína, Föníkar, Ameríka hin forna, Mesópótamía	10
Kína hið forna (bls. 36-37)	10
Föníkar (bls. 38-39)	10
Ameríka hin forna (bls. 40-41).....	10
Assýringar (bls. 42-43)	11
Babýloníumenn (bls. 44-45)	11
6. Grikkland hið forna og Alexander mikli	13
Grikkland hið forna og grísk menning (bls. 46-49).....	13
Alexander mikli (bls. 50-51)	14
7. Keltar og Rómaveldi	15
Keltar (bls. 52-53)	15
Rómverjar (bls. 54-57).....	15
8. Stórveldi í Afríku og á Indlandi	17
Stórveldi í Afríku (bls. 58-59)	17
Stórveldi á Indlandi (bls. 60-61).....	17

1. Upphaf manns og jarðar

Þróun mannsins (bls. 16-17)

1. Hvenær hófst líf á jörðu?

2. Hvað heitir fræg beinagrind af *Australopithecus afarensis* sem fannst í Afríku og var gefið nafn þekkts lags með Bítlunum?

3. Hvað hét fyrsta raunverulega mannveran (bæði nöfnin)?

4. Hvaða mannategund kom síðan fram fyrir 100.000 árum síðan?

5. Hvaða þætti í fari mannsins hefur einkum verið hampað sem geri hann æðri öðrum dýrategundum?

Smíði verkfæra og hellalist (bls. 18-19)

6. Úr hvaða efnum náttúrunnar voru fyrstu verkfæri mannsins?

7. Hvenær voru fyrstu hellamyndirnar skapaðar?

8. Hvaða merkingu eru þær taldar hafa?

9. Í hvaða heimsálfum hafa hellamyndir einkum fundist?

10. Hvaða viðhorf hafði mannkynið varðandi sköpulag fólks frá upphafi og fram á 19. öld?

Mannlíf á ísöld (bls. 20-21)

11. Hvenær skall síðasta ísöld á og hvað stóð hún lengi?

12. Hvers vegna varð ísöld?

13. Hvaða stóra spendýr veiddu menn á ísöld?

14. Hvaða stóra heimsálfa byggðist á ísaldartíma?

2. Akuryrkja, bændur og borgir

Upphaf bændamenningar (bls. 22-23)

1. Hvaða breyting varð á lífsháttum manna fyrir 10.000 árum síðan?

2. Hvaða plöntur voru fyrst ræktaðar?

3. Hvar á Jörðinni voru þær ræktaðar?

4. Hvenær var plógurinn fundinn upp?

5. Hvaða afurð var búin til úr hveitinu?

Upphaf borgmenningar (bls. 24-25)

6. Hvað verður til þess að fyrstu borgir verða til?

7. Hvað heita tvær af elstu borgum mannkyns?

Mesópótamía og Súmer (bls. 26-27)

8. Hvar þróaðist fyrsta hámenning veraldar og hvað hét þessi menning?

9. Hvað hétu tvær stærstu borgirnar?

10. Hver varð þróun valdamestu hershöfðingjanna hjá Súmerum?

11. Hvað voru Súmerar einkum þekktir fyrir?

12. Hvenær var letrið fundið upp og hver var tilgangur þess?

13. Um hvað eru Gilgamesh-kviðurnar?

4. Egyptar, Indusmenning, Evrópa og jötunbautar, Mínóar

Egyptaland hið forna (bls. 28-31)

1. Hvaða fyrirbæri er 'lífæð Egyptalands'?

2. Hvað var ræktað á bökkum Nílar?

3. Hvenær komu fyrstu þorpin til sögunnar í Egyptalandi?

4. Hvaða tvö konungsríki mynduðust á árdögum Egyptalands?

5. Hvaða tenging var á milli konungs Egypta og guðsins Hórusar?

6. Hvað þýðir orðið 'faraó'?

7. Hverjum kvæntust faraóar oft?

8. Hvaða tvö mannvirki koma helst í hugann varðandi Egyptaland?

9. Hver var Ósírís?

10. Hvað gerðu forn-Egyptar við lík hinna látnu?

11. Hver er þekktasta múmíugröfin?

Indusmenningin (bls. 32-33)

12. Hvaða menning þróaðist á bökkum Indusfljóts 2.500 f.Kr.?

13. Hvað heita helstu borgir þessarar menningar?

14. Á hvaða sviðum sköruðu þeir fram úr?

15. Hvers vegna hnignaði þessari menningu?

Evrópa á tímum jötunbautanna (bls. 32-33)

16. Hvað tóku menn upp á að gera í Evrópu um 4.500 f.Kr.?

17. Hver er hugsanlegur tilgangur þeirra?

18. Hvert er þekktasta mannvirkið?

Mínósk menning (bls. 34-35)

19. Hvenær var blómatími mínósku menningarinnar?

20. Hvar var mínóska menningin staðsett?

21. Hvernig var samskiptum kynjanna háttað?

Mýkensk menning (bls. 34-35)

22. Hvar og hvenær var blómatími mýkensku menningarinnar?

23. Hvernig bjuggu kóngar og önnur stórmenni á tímum mýkensku menningarinnar?

24. Forverar hvaða þjóðar eru Mýkenumenn taldir vera?

5. Persar, Kína, Föníkar, Ameríka hin forna, Mesópótamía

Kína hið forna (bls. 36-37)

1. Hvaða ætt sameinaði Kína árið 221 f.Kr.?

2. Hver var þekktasti konungur þessarar ættar?

3. Hvaða þekkta mannvirki lét konungur þessi reisa?

4. Lýstu í nokkrum orðum graphýsi hans?

Föníkar (bls. 38-39)

5. Hvað voru Föníkar einkum þekktir fyrir?

6. Hverjir voru þrír mikilvægustu verslunarstaðir Föníkíumanna?

7. Hvaða merku uppgötvun gerðu Föníkar sem er grunnurinn að því sem við notum í dag?

8. Hvað heita afkomendur Föníka í dag?

Ameríka hin forna (bls. 40-41)

9. Hvaða tvær stóru menningar þróuðust í Ameríku til forna?

10. Hvað eru Olmekar einkum þekktir fyrir?

11. Hvað heitir stærsta borg þeirra?

12. Hvernig mannvirki reistu bæði Olmekar og Chavínar?

13. Í hvaða landi var menning Chavína?

Assýringar (bls. 42-43)

14. Af hvaða innrásarhópi eru Assýringar komnir?

15. Fyrir hvað eru Assýringar einkum þekktastir fyrir?

16. Hvaða þrjár borgir voru höfuðborgir Assýringa á mismunandi tímасkeiðum?

17. Hver urðu örlög Assýringa?

Babýloníumenn (bls. 44-45)

18. Hvernig stjórnandi var Hammúrabí Babýloníukonungur og hvað var hann þekktastur fyrir?

19. Hver endurreisti stórveldi Babýloníumanna?

20. Lýstu Babýlon í nokkrum orðum?

21. Eitt af sjö undrum veraldar var staðsett í Babýlon, hvað hét það og hver var tilgangur þess?

22. Hvað hét glæstasta hlið Babýlonborgar og hverjum var það tileinkað?

6. Grikkland hið forna og Alexander mikli

Grikkland hið forna og grísk menning (bls. 46-49)

1. Hvað hétu tvö mikilvægustu borgríkin í Grikklandi og hvernig stjórnarfar var í hvorri borg fyrir sig?

2. Lýstu samfélagi Grikkja í Aþenu:

3. Lýstu samfélagi Grikkja á Spörtu:

4. Hvað tvö meiriháttar stríð voru háð á klassíska tímabilinu, hverjir börðust við hverja?

5. Hver hafði sigur í stríði Aþenu og Spörtu og hversu lengi stóð ófriðurinn?

6. Hvaða listir voru í hávegum hafðar í samfélagi Grikkja?

7. Hvernig var samskiptum kynjanna háttað í Aþenu?

8. Hvaða leikar eiga Grikkir heiðurinn af koma á fót og hver var tilgangur þeirra?

Alexander mikli (bls. 50-51)

9. Hvaða gríska þjóð nýtti sér glundroða grísku borgríkjanna til að ná yfirráðum yfir þeim öllum?

10. Hvað hét konungur þessarar þjóðar sem tókst að sameina alla Grikki undir sinni stjórn?

11. Hvað var Alexander gamall þegar hann tók við ríkjum eftir föður sinn og í hvernig ástandi var her landsins?

12. Hvaða veldi kollvarpaði hann og hvað hét ein helsta orrustan sem Alexander mikli háði?

13. Hvað var hann lengi að byggja upp risaveldi sitt?

14. Hversu langt í austur komst hann?

15. Hver urðu örlög Alexanders mikla?

7. Keltar og Rómaveldi

Keltar (bls. 52-53)

1. Hvaðan er talið að Keltar séu upprunnir?

2. Hvað eru Keltar einkum þekktir fyrir?

3. Hvaða landsvæði lögðu þeir undir sig?

4. Hvaða konungur reyndi að sameina Kelta í Frakklandi gegn innrás Rómverja?

Rómverjar (bls. 54-57)

5. Hvaða tvíburabráður stofnuðu Róm og hvaða dýr fóstiraði þá?

6. Hvaða þjóð er talin hafa búið í Rómarborg áður en Latínumenn mættu á svæðið?

7. Hvernig voru stjórnarhættir í Róm í upphafi?

8. Hvernig urðu þeir svo eftir byltinguna?

9. Í hvaða þrjár stéttir skiptust Rómarbúar?

10. Hvaða hershöfðingi lagði Gallíu (Frakkland) undir Rómaveldi og hvað gerði hann svo þegar hann sneri aftur til Rómar?

11. Hver var fyrsti keisari Rómar?

12. Lýstu rómverska hernum og skipulagi hans:

13. Hvaða höfuðandstæðing sinn sigruðu Rómverjar árið 146 f.Kr. og afkomendur hvaða þjóðar voru þeir?

14. Hver var Spartakus og hvað gerði hann?

15. Af hverju lognaðist Rómaveldi út af?

16. Hvað hétu einingarnar tvær sem Róm skiptist niður í eftir 476 e.Kr. og hvaða tungumál voru töluð í þessum ríkjum?

8. Stórveldi í Afríku og á Indlandi

Stórveldi í Afríku (bls. 58-59)

1. Lýstu Kushríkinu og þjóðinni sem þar bjó:

2. Lýstu Nokveldinu:

3. Lýstu Axúmveldinu:

Stórveldi á Indlandi (bls. 60-61)

4. Hvað afrekaði Asoka Maurya?

5. Hvernig brást hann við blóðbaðinu í orrustunni við Kalinga og hvað reyndi hann að gera fyrir þegna sína?

6. Fyrir hvað er Guptaættin sem réð ríkjum á Indlandi einna helst þekkt fyrir?

7. Hvaða trúarbrögð voru þá við lýði á Indlandi?
